

Reglugerð um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2005.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 2004 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu og jöfnunargjald vegna alþjónustu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2005. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er einum mánuði síðar.

Við skiptingu greiðslu skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

2. gr.

Þar til álagning ársins 2005 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 10% af þinggjöldum ársins 2004 og 10% af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu sem greiða bar á árinu 2004.

Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða eru tekjuskattur, eignarskattur og iðnaðarmálagjald. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld en tekjuskatt, þ.e. iðnaðarmálagjald og eignarskatt.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda eða jöfnunargjalds vegna alþjónustu sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2005 skv. 2. gr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra til úrskurðar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra en úrskurður ríkisskattstjóra er endanlegur.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um ræðir fyrir tekjuárið 2004 séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2003. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2005 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112., 115. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og 15. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, með síðari breytingum, öðlast

þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Jón Guðmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.